

Námsmat fyrir alla

Þátttakendur í verkefninu skilgreindu námsmat fyrir alla á eftirfarandi hátt ...

Námsmat í almennum skólum þar sem stefna og starf miðar að því að efla menntun allra nemenda eins og kostur er. Aðalmarkmiðið með námsmati fyrir alla er að allar stefnur og aðferðir sem beitt er eigi að stuðla að aukinni þátttöku og aðlögun allra nemenda, sem eiga á hættu að vera aðgreindir frá öðrum, einnig þeirra sem eru með sérþarfir.

Litið er á námsmat fyrir alla sem mikilvægt **markmið sem allir stefnumótandi aðilar og sérfræðingar ættu að setja sér.**

Í verkefninu eru fyrst og fremst færð rök fyrir því að **námsmat fyrir alla eigi að vera leiðandi aðferð** í almennu námsmati ...

Reglur sem gilda um námsmat fyrir alla eru reglur sem stuðla að kennslu og námi fyrir alla nemendur. Nýjungar á sviði námsmats fyrir alla bera vott um gott starf sem allir nemendur njóta góðs af.

Reglur sem gilda um námsmat fyrir alla

Námsmat fyrir alla **miðar alfarið að því að koma í veg fyrir aðgreiningu** með því að forðast (eins og kostur er) hvers kyns flokkun og **með því að beina sjónum að námi og kennslu sem stuðlar að námi án aðgreiningar** í almennum skólum.

Slíkt mat er aðeins raunhæft með **viðeigandi stefnumótun og viðeigandi skipulagi í skólum og stuðningi við kennara** sem hafa jákvætt viðhorf til náms án aðgreiningar.

Það er að segja ...

... Tekið er tillit til sérþarfa nemenda sem eiga á hættu að verða aðgreindir frá öðrum, einnig þeirra sem eru með sérþarfir, í almennum stefnumálum á sviði námsmats, þar með stefnumálum vegna sérþarfa nemenda;

... Allir nemendur eiga rétt á þátttöku í námsmati fyrir alla, þeir sem eru með sérþarfir ekki síður en skólafélagar þeirra og jafnaldrar;

... Allar matsaðferðirnar styðja og styrkja hver aðra;

... Námsmat miðar að því að „fagna“ fjölbreytileika með því að skilgreina og meta námsframvindu og árangur allra nemenda.

Áhersluatriði sem gilda um námsmat fyrir alla

Markmiðið með námsmati fyrir alla er að **bæta nám allra nemenda í almennum skólum**. Allar aðferðir og tæki sem notuð eru við námsmat fyrir alla eru **til upplýsinga um nám og kennslu og styðja kennara** í starfi sínu.

Námsmat fyrir alla miðar að því að vera **viðkomandi nemendum til framdráttar** með því að veita þeim **innsýn í eigið námsferli** og jafnframt skal það vera þeim hvatning til að afla sér frekari menntunar.

Námsmat fyrir alla felur í sér ...

... aðferðir og áætlanir sem allar beinast að því að safna greinargóðum vísbendingum um nám nemenda, bæði í verklegum og bóklegum greinum;

... starfshætti sem, auk þess að vera til upplýsinga um nám og kennslu, þjóna einnig öðrum tilgangi (er t.d. beitt við frumgreiningu á sérþörfum eða setningu menntastaðla), en sem byggjast á sameiginlegum hugmyndum og gildum varðandi námsmat og nám án aðgreiningar, sem og þátttöku og samstarfi;

... aðferðir sem sýna árangur í námi

en veita kennurum einnig upplýsingar um hvernig þróa má og bæta námsferli einstakra nemenda eða nemendahópa í framtíðinni;

... ákvarðanatöku út frá ýmsum þáttum sem gefa vísbendingar um frammistöðu á tilteknu tímabili. Þannig fást „uppbyggilegar upplýsingar“ um námsferli og þroska nemenda en ekki aðeins „einnota“ upplýsingar;

... upplýsingar sem eru í samhengi við námsumhverfi og taka tillit til heimilis eða annarra umhverfisþátta sem hafa áhrif á menntun nemenda;

... mat á þáttum sem stuðla að námi án aðgreiningar fyrir einstaka nemendur þannig að hægt sé að taka stærri ákvarðanir um skóla- og bekkjarskipulag og stuðning;

... virka þátttöku umsjónarkennara, nemenda, foreldra, skólasystkina og annarra hugsanlegra ráðgjafa eða aðila í matsferlinu.

IS

Nánari upplýsingar um Evrópumíðstöðina fyrir þróun í sérkennslu er að finna á slóðinni

www.european-agency.org

Námsmat í skólum án aðgreiningar Lykilatriði í stefnumótun og starfi

Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu

Verkefni Evrópumíðstöðvarinnar um námsmat hófst árið 2005 með þátttöku 23 aðildarlanda. Markmiðið var að rannsaka hvernig stefna og starf á sviði námsmats getur stutt nám og kennslu í grunnskólum án aðgreiningar.

Verkefnisvinnan leiddi síðast en ekki síst til umfjöllunar um **hvað átt sé við með námsmati fyrir alla.**

Tiltækar upplýsingar

23 landsskýrslur sem lýsa stefnu og starfi á sviði námsmats;

Gagnagrunnur á netinu með upplýsingum um þáttökulöndin;

Yfirlitsskýrsla sem inniheldur helstu niðurstöður verkefnisins, á 19 tungumálum.

Allt þetta og annað efni sem tengist verkefninu er að finna á slóðinni www.european-agency.org/site/themes/assessment/